



Í nóvember kom út endurútgáfa á Skaftfellskum þjóðsögðum og sögnum, en þeim safnaði Guðmundur Jónsson bóndi í Hoffelli í upphafi 20. aldar og voru gefnar út ásamt æviágripi árið 1946 af Marteini Skaftfells. Handritið sem varðveist hefur er frá 1911 en það inniheldur allar sagnir, þjóðsögur og ævintýri sem birtast í þessari útgáfu. Þessi útgáfa Skaftfellskra þjóðsagna er talsvert frábrugðin fyrri útgáfu. Sjö ævintýrum er bætt við nýju útgáfuna. Upphaflegu handriti Guðmundar er einnig fylgt eftir í hvívetna sem var ekki raunin við þá fyrri. Einnig var ákveðið að halda sérkennandi orðmyndum sem eru öðruvísi en venjulegt ritmál í dag en nútíma stafsetningu fylgt sem meginreglu. Orðaröð er nánast óbreytt frá handriti Guðmundar. Til viðbótar við upprunalegt handrit varðveittist eintak Einars Ólafs Sveinssonar af bókinni. Fjölmargar myndir prýða bókina. Fjölskylda Egils Jónssonar á Seljavöllum gefur bókina út í minningu hans en hann var hvatamaður að útgáfunni. Verðið er 4.500 kr.

Þeir sem hafa áhuga á að fá eintak af bókinni geta haft samband við Hjalta Þór Vignisson í síma 822-7950 eða á hjaltivi@hornafjordur.is